

GreenIN Cities



 Reykjavík

 **FB** VIRÐING
FJÖLBREYTNÍ
SKÖPUNARKRAFTUR

 Funded by
the European Union

Grænar borgir og Breiðholtið

Helstu niðurstöður eftir fyrsta áfanga íbúasamráðs

Þóra Óskarsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Mariska Kappert,
Þórólfur Jónsson og Ævar Harðarson.

GreenIN Cities

Eflum gæði grænna svæða í borginni

Samstarfsverkefni **11 borga** og 20 lögaðila sem eru ýmist háskólar, fyrirtæki eða aðrar stofnanir.

Verkefnið hófst í janúar 2024 og **lýkur í desember 2027.**

Leiðandi borgir: Athena, Barcelona, Helsinki, Nova Gorica og Prato.

Fylgjandi borgir: Birštonas, Cork, Hersonissos, Matosinhos, Pécs og **Reykjavík.**

Verkefnið var kynnt fyrir ráðinu þann 6. mars árið 2024 áður en samráð við íbúa hófst.

Horizon - áætlanir: Climate neutral and smart cities og Adaption to climate change

Verkefnið í Cordis: <https://cordis.europa.eu/project/id/101139730>

Heimasíða: <https://www.greenincities.eu/>



Vel hannaðir almenningargarðar geta stuðlað að velliðan, öryggi og bættri lýðheilsu, auk þess að vera vettvangur fyrir fjölbreytt mannlíf.

Í hverfisskipulagi Reykjavíkur er áhersla lögð á að efla samfélagið, bæta borgarumhverfið, innleiða sjálfbærar umhverfsvænar lausnir ásamt að efla grænu svæðin og garðana. Hverfisskipulag fyrir öll þrjú hverfin í Breiðholti tók gildi í maí 2022 og er mikilvægur hluti þess að efla gróður í hverfunum. Almenningsgarðurinn í Efra-Breiðholti er skilgreindur sem hverfisgarður fyrir fjölbreytta útlíft með leiksvæðum, kyrrlátu svæði og með möguleika á borgarbúskap.



Samkvæmt nýrri borgarhönnunarstefnu eru græn almenningssvæði skilgreind sem lykilþættir í lífi borgarinnar. Það er því mikill ávinningur að rýna svæðið með íbúum.



Öllum íbúum er velkomið að taka þátt
All residents are welcome to participate
Wszyscy mieszkańcy są mile widziani

Upplýsingarnar sem safnaast verða
nýttar í GreenIN Cities-verkefninu til að
vinna tillögu að endurbótum á svæðinu.

Evrópusamstarfið um grænni borgir



GreenIN
Cities

Megin viðfangsefni verkefnisins í Reykjavík er almenningsgarðurinn í hjarta Efra-Breiðholts.


Verkefnið er **safn aðgerða** til að auka **aðlögun** að **loftslagsbreytingum** með mótun og rýni á borgarumhverfinu.

Reykjavíkurborg, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Fab Lab Reykjavík hafa unnið sameiginlega að verkefninu.

Í verkefninu er **fjöldi hagaðila** sem þarf að gera ráð fyrir við mótun hugmynda. **Einn þeirra er lífríkið sjálft.**

Öll nálgun verkefnisins miðar að því að leiða fólk saman og **auka samheldni í hverfinu.**

Markmiðið er að bæta gæði svæðisins og skapa **rými sem styðja við samskipti, fræðslu og samfélagslega þátttöku.** Unnið er að tillögum sem byggja á greiningu, samráði og samsköpun.



Öllum íbúum er velkomið að taka þátt
All residents are welcome to participate
Wszyscy mieszkańcy są mile widziani

Upplýsingarnar sem safnað verða
nýttar í GreenInCities-verkefninu til að
vinna tillögu að endurbótum á svæðinu.

Envörðunarmál um grænni borgir



GreenIN Cities

Fyrstu hugmyndir

Þátttaka Reykjavíkur snýr að **rýni og hönnun grænna svæða** í Breiðholti í náinni samvinnu við íbúa.

Verkefnið var kynnt fyrir ráðinu þann 6. mars árið 2024 áður en samráð við íbúa hófst.

Síðan þá hefur fjöldi **samsköpunarvinnustofa** hafa verið haldnar um þróun almenningsgarðsins.

Tillögur hafa mótagast með íbúum og **skýrari mynd er komin á hvað íbúar vilja** að komi til framkvæmda.




Ætigarðar

Í Reykjavík snýr verkefnið að stórum hluta að garðrækt til að stuðla að **inngildingu**, efla félagslega samheldni og samvinnu. Stefnt er að því að virkja **ræktunarhópa** meðal nemenda FB og íbúa Breiðholts sem hafa afnot af ætigarðinum. Verkefnið styrkir sjálfbærnimenntun með fræðslu um vistkerfi, jarðgæði og borgarbúskap.

Ætigarðinum er einnig ætlað að vera notalegt frístundasvæði fyrir dýr borgarinnar, svo sem fólk, fugla og býflugur.

Frá kynningu 6. mars 2024



Virk þátttaka íbúa er lykilþáttur á öllum stigum verkefnisins verkefnisins.

Gögn hafa safnast með eftirfarandi leiðum.

- **Á vinnustofum** með íbúum, nemendum í umhverfisfræði við FB og vinnuskólanum.
- **Beinum rýnifundum** með íbúum.
- **Ábendingar á korti** í fjölskyldumiðstöð.
- **Íbúagöngur** með gestum fjölskyldumiðstöðvar.
- **Spurningalistum** sem settir voru í garðinn.
- **Vettvangsathugunum** og samtali við gesti garðsins.
- **Þriggja daga samráðsviðburður** í Breiðholtslaug.

Samráðsviðburður með íbúum

17.- 20 mars 2026 í Breiðholtslaug

Viðburðurinn í Breiðholtslaug var umfangsmesti samráðsviðburðurinn í þessum fyrsta áfanga. Þar tóku 161 íbúi virkan þátt og 95 nýjar hugmyndir söfnuðust.

Fjöldi barna og ungmenna hefur tekið þátt í samráði, bæði í gegnum viðburðinn í Breiðholtslaug, á vinnustofum í skólum og í vinnuskólanum. Um **150 börn* og ungmenni** hafa tekið þátt í samráðinu.

Fullorðnir þátttakendur sem hafa tekið þátt í viðburðum eru um **120 talsins***. Verkefnið hefur náð vel til eldri borgara.

Bakgrunnur þátttakenda er mjög fjölbreyttur.



*Heildarfjöldi í samráði verður birtur í samráðsskýrslu þegar fjöldi liggur fyrir

Samráðsviðburður með íbúum

17.- 20 mars 2026 í Breiðholtslaug

Hvernig getum við bætt almenningsgarðinn í Efra-Breiðholti, sem liggur milli Fella- og Hólabrekkuskóla. Við leitum eftir hugmyndum hjá ykkur kærur íbúar.



Reykjavíkurborg og Fjölbautaskólinn í Breiðholti ásamt ellefu evrópskum borgum eru þátttakendur í samstarfsverkefninu GreenInCities. Markmið verkefnisins er að auka gæði grænna svæða bæði fyrir íbúa og dýralíf.



Almenningsgarðar geta skapað vettvang fyrir samveru og styrkt félagsleg samskipti og tengsl íbúa. Garðurinn í Efra-Breiðholti þjónar mikilvægu hlutverki fyrir hverfið og er hann viðfangsefni verkefnisins í Reykjavík.



GreenInCities er ESB-styrkt Horizon-verkefni þar sem markmiðið er að efla græn svæði og líffræðilegan fjölbreytileika í borgum. Mikilvægur hluti af verkefninu er íbúapátttaka og samráð.

Við höfum trú á að garðurinn búi yfir fjölmörgum tækifærum til að efla samfélagið í Efra-Breiðholti.

Hverfisgarðurinn, samkomustaður íbúa.

Efra-Breiðholt var skipulagt á árunum í kringum 1970 af arkitektunum Geirharði Þorsteinssyni og Hróbjarti Hróbjartssyni. Mikilvægur hluti af skipulaginu var miðsvæði hverfisins með skólum, íþróttamannvirkjum og stórum almenningsgarði í hjarta hverfisins á sólríkum og skjólgóðum stað.



Til þess að skipuleggja almenningsgarðinn var brautryðjandinn og landslagsarkitektinn Reynir Vilhjálmsson fenginn í verkið en hann hafði hannað mikilvæg útivistarsvæði í borginni eins og Klambratún.

Síð yfir miðsvæði Efra-Breiðholts samar 1981.



Síð yfir miðsvæði Efra-Breiðholts haust 1983.



Uppbygging garðsins í Efra-Breiðholti tók allnokkurn tíma. Lýsing garðyrkjustjórans Hafliða Jónssonar í ársskýrslu 1984 dregur fram áhugaverða mynd af framgangi verksins:

„Garðurinn á enn langt í land áður en hann verður orðinn að aðlaðandi útivistarsvæði en þó gætu Breiðholtsbúar flýtt verulega fyrir að svo verði með því að vakta svæðið og forða því frá að árlega þurfi að vinna upp sömu ræktunarverkefni sökum slæmrar umgengni.“



Nokkrum árum seinna var staðan breytt, góður vöxtur var að komast í trjágróður enda Breiðholtsbúar búnir að taka ástfóstri við garðinn og læra að umgangast gróðurinn.

Frá því garðurinn komst í núverandi mynd hafa litlar breytingar verið gerðar fyrir utan eðlilega endurnýjun og viðhald.



Öllum íbúum er velkomið að taka þátt
All residents are welcome to participate
Wszyscy mieszkańcy są mile widziani

Upplýsingar sem safnast verða
nyttar í GreenInCities-verkefninu til að
vinna tillögu að endurbótum á svæðinu.

Endursamstarf um græni borgir

GreenIn
Cities



Öllum íbúum er velkomið að taka þátt
All residents are welcome to participate
Wszyscy mieszkańcy są mile widziani

Upplýsingar sem safnast verða
nyttar í GreenInCities-verkefninu til að
vinna tillögu að endurbótum á svæðinu.

Endursamstarf um græni borgir

GreenIn
Cities



Kærur íbúar

Hvað er áhugavert og gott við garðinn og hvernig notið þið hann?

Það væri mjög gagnlegt að heyra frá ykkur og hvetjum við ykkur til að líma miða inn á veggspjaldið. **Gulir** miðar fyrir jákvætt, **græni** fyrir hvernig þið notið garðinn, **bláir** fyrir hvað má bæta og **bleikir** fyrir nýjar hugmyndir.



Hvernig notið þið garðinn?

Hvað er jákvætt við garðinn?

Hvað má bæta?

Nýjar hugmyndir



Öllum íbúum er velkomið að taka þátt
All residents are welcome to participate
Wszyscy mieszkańcy są mile widziani

Upplýsingar sem safnast verða
nyttar í GreenInCities-verkefninu til að
vinna tillögu að endurbótum á svæðinu.

Endursamstarf um græni borgir

GreenIn
Cities





Garðurinn er mikilvægur samverustaður barna í hverfinu.

UNICEF hefur bent á mikilvægi öruggra rýma fyrir leik og félagslegan þroska barna, sérstaklega þeirra sem búa við viðkvæmar aðstæður.

Aðlaðandi almenningsgarður með góðri aðstöðu til samveru, leiks, hvíldar og fræðslu getur þannig aukið lífsgæði og félagslega samveru barna. Það eflir samheldni, bætir öryggistilfinningu og stolt af hverfinu.

Í Breiðholti er almenningsrýmið sérstaklega þýðingarmikið. Það er ákveðið ákall frá börnum hverfisins að bæta aðstöðu garðsins til að geta dvalið í garðinum eftir skóla með vinum sínum.



Fleiri rólur !

Allir aldurshópar vildu róur!

Börn, unglingar og fullorðin fólk.

Börnin vilja taka þátt í að viðhalda garðinum.

Börnunum í hverfinu þykir vænt um garðinn sinn og vilja taka þátt í að halda honum fínum.

Krakkarnir vilja hafa áhrif á þróun garðsins.

Gestir garðsins sem dveljast við á svæðinu eru að stórum hluta börn. Þau vilja hafa áhrif á móttun garðsins, og eru með mjög góðar og mikilvægar hugmyndir sem skipta okkur miklu máli við þróun hugmynda.

Meiri gróður, betri nestisaðstaða og leiksvæði.

Þau þurfa betri dvalarstæði til að borða nesti, spjalla og leika. Krakkarnir vilja sjá fleiri tré og blóm og vilja gjarnan berjarunna. Þau leika sér mikið á milli trjána og runnanna í garðinum.



Íbúar í Breiðholti eru afar stoltir af fegurð náttúrunnar í hverfinu.

Ánægja með hvað hverfið er grænt og gróíð. Þetta hefur verið endurtekið stef í öllu samráði. Vilja gjarnan sjá blómstrandi tré og runna í umhverfinu.

Finnst mikil lífsgæði að hafa mikla náttúru, góð loftgæði, fuglasöng og stað til að hitta nágranna sína.

Bæði börn og fullorðnir vilja fleiri berjarunna í borgarumhverfið. Fullorðnum finnst eins og þeir hafi verið fjarlægðir úr borgarumhverfinu og sakna þeirra.

Vilja mjög gjarnan **bæta dvalar-og nestisaðstöðu** til að hægt sé að nýta svæðið betur. **Líka á veturna!**




Gönguleiðirnar eru mjög mikilvægar, sérstaklega fyrir fullorðna

Gönguleiðirnar eru mjög mikilvægar, sérstaklega fyrir fólk sem á erfitt með gang.

Betri göngustígur stuðlar að því að fólk komist sjálft í sundleikfimi og aðra þjónustu eins og í fjölskyldumiðstöð og heilsugæslu án þess að þurfa að fá pantaðan bíl.

Fjölgun bekkja skiptir miklu máli meðfram stígnum, þar sem fólk með göngugrindur getur hvílst.

Mikið heitt bakrásarvatn á svæðinu frá Leiknisvellinginum sem þarf að kæla áður en það fer í fráveitu. Gott tækifæri til að hita göngustíginn til að til að kæla vatnið og gleðja íbúa.



An aerial photograph showing a large green sports field with several soccer goals. To the left is a long, white residential building with red accents. A dense line of trees separates the field from the building. In the background, a parking lot with several cars is visible. The lighting suggests it's daytime with some shadows.

"Þegar ég fæ gesti upp í Breiðholt, þá er fólk stundum svoldið skeptískt, með einhverja fordóma. En svo sjá þau þennan garð og þá sjá þau hvað þetta er næs hverfi"


- Íbúi í Vesturbergi

Myndband Guðmundur Óskarsson íbúi í Breiðholti.

Greining á svæði eftir samráð við íbúa

Hvernig nýta íbúar sér garðinn, hvaða svæði eru með mesta virkni og hvaða svæði með minnsta?

Almenningsgarðurinn í Efra-Breiðholti




Greining á svæði eftir samráð við íbúa


- Leiksvæði
- Grasflatir
- Fótboltavöllur
- Dvalarsvæði
- Megin göngustígar
- Hreytisvæði

Myndir af svæði

Almenningsgarðurinn í Efra-Breiðholti



Almenningsgarðurinn í Efra-Breiðholti



Greining á svæði eftir samráð við íbúa

- Mikil virkni
- Meðal virkni
- Lítil virkni

Fótboltavöllurinn áberandi vannýtt svæði

Greining og samráð sýna fram á að tækifæri felist einkum í að virkja vannýtt svæði garðsins og styrkja þau sem sameiginleg dvalar-, leik- og ræktunarrými.

Yfirlit yfir fótboltavelli

Fótboltavöllur í almenningsgarðinum litið notaður samkvæmt samráði við íbúa.




Myndir af fótboltavelli

Almenningsgarðurinn í Efra-Breiðholti




Tilraunasvæði í GreenInCities

Eftir samráð við íbúa og nemendur er lagt til að beina sjónum að eftirfarandi svæðum.



Ætur almenningsgarður

Tillaga byggð á greiningu og samráði, í samræmi við markmið hverfisSKIPulags Breiðholts og GreenInCities.



● Ætt vöfundarhús

● Útielldhús

● Nestis- og grillastaða

- edible neighbourhood -

Ætt vöfundarhús

Hugmyndin um **ætan almenningsgarð** byggir á að styrkja gróður, líffræðilega fjölbreytni og félagslega innviði garðsins með ætum plöntum, ræktun og nýjum dvalarrýmum. **Æta vöfundarhúsið** er lykilinngrip innan þeirrar hugmyndar og sameinar leik, upplifun, fræðslu, ræktun og samveru. Í kjarna vöfundarhússins verður útielldhús sem skapar vettvang fyrir íbúa til að hittast, elda og dvelja saman.

Hugmyndin tengir saman vilja íbúa þvert á kynslóðir og er **leið til að umbreyta vannýttu svæði í fjölnota grænt rými þar sem leikur, ætur gróður, ræktun, fræðsla og samvera fléttast saman**

„Það væri svo geggjað að geta farið út með heitt vatn, klippa sér myntu í bollann og spjalla við nágrannana.“

-Íbúi í Vesturbergi

Í Rijnvliet í Hollandi var þróað Edible Neighbourhood, þar sem ætur gróður, skógur og almenningsrými eru fléttuð saman í heildstætt hverfisSKIPulag. Verkefnið hefur hlotið mikið lof og sýnir hvernig borgarrými með áherslu á ætan gróður getur stutt líffræðilega fjölbreytni, fræðslu, loftslagsaðlögun og félagsleg tengsl.

Tækifæri til að gera mikið fyrir hverfið með einföldum hætti

Í Reykjavík fer meginþungi verkefnisins í samráð við íbúa, hönnun svæðisins og þróun náms.

- Sérfræðingar á velferðarsviði **Reykjavíkurborgar** hafa stuðlað að öflugu samráði í Breiðholti.
- **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti** hefur unnið að því að efla STEM greinar og menntun á sviði umhverfismála.
- Hönnuðir, landslagsarkitektar og fleiri sérfræðingar koma að vinnslu tillögunnar í samráði við alþjóðlegt teymi sérfræðinga í verkefninu.
- Eftir að öllum þremur áföngum samráðsins er lokið verða niðurstöður kynntar fyrir íbúum og borginni.





Við ætlum að standa vörð um og efla græn svæði borgarinnar og ýta undir lýðheilsu og samverustundir í náttúru Reykjavíkur.



Þær hugmyndir og langanir sem hafa komið fram í samráðinu hafa mikinn samhljóm við áherslur í verkefnalista borgarinnar.

Sameiginlegar áherslur:

- Áhersla á græn svæði og umhverfismál.
- Ræktun gróðurs og að fegra umhverfið með gróðri.
- Ræktun skóga og loftslagsmál.
- Fjölga ætum gróðri í borgarumhverfinu
- Bæta lýðheilsu með bættum gönguleiðum.
- Fleiri upphitaðir göngustígar
- Inngilding og samvera í borgarumhverfinu
- Bekkir og þægileg dvalarsvæði

Ætur almenningsgarður

Kynning fyrir umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Reykjavík 16. september 2026

Þóra Óskarsdóttir
Sviðstjóri Nýsköpunar hjá FB

Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir
Hönnunarstjóri GreenInCities í Reykjavík

Mariska Kappert
Sérfræðingur á Fjölskyldumiðstöð Gerðubergs

Þórólfur Jónsson
Landslagsarkitekt - Reykjavíkurborg

Dr. Ævar Harðarsson
Arkitekt Phd

Rán Flygenring
Myndhöfundur

GreenIn Cities

